

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

#### *Fjallakór 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fjallakór 1. Í breytingunni felst að reist verði 48,3 m<sup>2</sup> viðbygging á suðausturhlíð hússins og stækkar ytri byggingarreitur í samræmi við það. Við breytinguna stækkar húsið úr 260,4 m<sup>2</sup> í 308,5 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,49 í 0,58. Gólfkóti viðbyggingar er sami og gólfkóti neðri hæðar núverandi byggingar (GK 116,8). Salarhæð viðbyggingar er að hámarki 3,1 m og skal fallvörn af viðbyggingu vera úr gleri.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Fjallakór 1A. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fjallakór 1A. Í breytingunni felst að reist verður 34,5 m<sup>2</sup> viðbygging ásamt stiga á norðvesturhlíð hússins og stækkar ytri byggingarreitur í samræmi við það. Við breytinguna stækkar húsið úr 260,4 m<sup>2</sup> í 294,7 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,54 í 0,61. Gólfkóti viðbyggingar er sami og gólfkóti neðri hæðar núverandi byggingar (GK 116,8). Salarhæð viðbyggingar er að hámarki 3,1 m og skal fallvörn af viðbyggingu vera úr gleri.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 27. september 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2021